

Stjórnarfundur LH 8. desember 2006

2. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Einar Ragnarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Hinrik Már Jónsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Þorvarður Helgason, Kjartan Hreinsson og Eyþór J. Gíslason. Einnig mættu Sigrún Ögmundsdóttir af skrifstofu LH.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Farið fyrir fundargerð 1. fundar og hún samþykkt með viðbót frá stjórn; ályktun til bæjarstjórnar Akureyrar.

2. Fundartímar stjórnar:

Fundartímar eru á föstudögum frá klukkan 15:00 – 19:00.

Þriðji fundur 12. janúar.

Fjórði fundur 9. febrúar.

Fimmti fundur 9. mars.

Sjötti fundur 13. apríl.

Sjöundi fundur 11. maí.

Áttundi fundur 8. júní.

3. Nefndir LH

Gengið var frá skipan í kynbótanefnd og mannvirkjanefnd.

Kynbótanefnd: Guðmundur Sveinsson, Léttfeta, Vilberg Skúlason, Mána, Guðný Ívarsdóttir, Herði, María Þórarinsdóttir, Loga, Magnús Lárusson, Geysi, Skafti Steinbjörnsson, Stíganda, Björn Sveinsson, Stíganda og heiðursfélagi Jóhann Þorsteinsson.

Mannvirkjanefnd: Ásgeir Margeirsson, Sörla, Magnús Ólason Sleipni og Halldór Svansson, Gusti.

Tölvunefnd, aganefnd og æskulýðsnefnd eru að mestu tilbúnar.

Dómaranefnd, keppnisnefnd, landsliðsnefnd og menntanefnd í skoðun fram að næsta stjórnarfundum.

Skipan í nefndir lýkur á næsta stjórnarfundum og endurskoðun á starfslýsingum nefnda.

4. FEIF og WorldFengur

Jón Albert Sigurbjörnsson mætti á fundinn og ræddi um FEIF og WorldFeng. Stjórn FEIF hefur fundað með BÍ og landbúnaðarráðherra um framtíð WorldFengs, möguleikanum á að opna hann öllum aðildarlöndum FEIF og hvað það kosti að reka WF og endurnýja/þróa eftir þörfum. Einnig hvort FEIF geti nýtt sér WF að einhverju leiti til að finna sponsor aðila, fyrir bæði FEIF og WF. Ákveðið að Oddur, Kjartan og Jón Albert skoði málið áfram.

5. Tilnefning LH til ÍSÍ til hestaþróttakonu og hestaþróttamann ársins 2006

Samþykktar tillögur en vegna óska frá ÍSÍ eru nöfnin ekki rituð hér. Einari falið að skrifa um afreksfólk LH ásamt Sólveigu og skila greinargerð til ÍSÍ fyrir 15. desember.

6. Aðalfundur FEIF

Sigrún Ögm. kynnti fyrirkomulag aðalfundar og ráðstefnu FEIF sem haldin eru 16. – 18. febrúar. Tekin ákvörðun um hverjir fari á ráðstefnuna og Maríönnu og Sigrúnu falið að gera kostnaðaráætlun og skoða ferðamöguleika.

7. Önnur mál.

- a. **Samningur við Glitni.** Vilhjálmur fór yfir samninginn og skýrði ákvæði hans og skyldur LH.
- b. **Fundur með landbúnaðarráðherra.** Haraldur lagði fram minnisblað sem þeir fóru með til ráðherra. Ekki er komið svar um hvar fagráðsmálið er statt. Óljóst hvort því ljúki á árinu. Varðandi þróunarverkefni í hestamennsku og hrossarækt er LH ekki sátt við það að fá ekki að njóta stærðar sinnar og fjölþættrar starfsemi þegar kemur að úthlutun fjármuna. Stjórn samþykkir ályktun til handa Sveinbirni Sveinbjörnssyni, fulltrúa LH í nefndinni
- c. **Fundur í samgönguráðuneytinu.** Haraldur skýrði frá fundinum þar sem farið var yfir þá þætti sem LH sendi inn í umsögunum sínum varðandi Vegalög og Umhverfislög, þá sérstaklega hvað varða réttarstöðu hestamanna á reiðvegum. Vel var tekið í málið og mun lögfræðingur ráðuneytisins kynna málið í samgöngunefnd Alþingis.
- d. **Samráðsfundur með FT og Fhrb.** Vilhjálmur og Oddur funduðu með fulltrúum hinna samtakanna og var mjög jákvætt andrúmsloft á fundinum og ákveðið að hittast aftur.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson*